

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarféluginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss deiliskipulag fyrir eftirtalda staði:

Grásteinn.

Auglýst var breyting á deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á landi Grásteins og landi sem nefnt er Vorsabær. Bæjarstjórn samþykkti deiliskipulagið eftir auglýsingu á fundi sínum 23. febrúar 2017. Tekið hefur verið tillit til athugasemda og gögnin lagfærð.

Stofnaðar eru eftirtaldar lóðir: Grásteinn III úr lóðinni Grásteinn lnr. 175543. Grásteinn IV úr lóðinni Grásteinn lnr. 175543. Grásteinn II lnr. 176698 er breytt. Minnkuð lóð í landi Grásteins lnr. 175543 en stækkuð af landi Vorsabæjar lóð lnr. 2010768.

Vellir lóð lnr. 175164 er stækkuð af landi Vorsabæjar lóð lnr. 2010768.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Raufarhólshellir.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarstjórn samþykkti deiliskipulagið eftir auglýsingu á fundi sínum 30. mars 2017. Tekið hefur verið tillit til athugasemda og upprættir og greinargerð lagfærð.

Greinargerð, upprættir og umhverfisskýrsla dagsett 13. desember 2016. Framkvæmdir unnar í samráði við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Tillagan tekur til ferðamannasvæðis við Raufarhólshelli þar sem koma á upp aðstöðu til að taka á móti ferðamönnum í hella- og norðurljósaförðir. Megináhersla deiliskipulagsins er að tryggja öryggi gesta og setja ramma um fyrirhugaða starfsemi á svæðinu, vöxt hennar og viðhald. Deiliskipulagsuppdráttur sýnir byggingarreit fyrir nýbyggingu á deiliskipulagssvæðinu. Mesta hæð á byggingu er 3,2 m yfir gólfkóta og aðeins leyft að byggja eina hæð. Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarsvæði vestan við Þorlákshöfn.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarstjórn samþykkti deiliskipulagið eftir auglýsingu á fundi sínum 30. mars 2017. Tekið hefur verið tillit til athugasemda og upprættir og greinargerð lagfærð.

Svæðið tekur til suðurhluta iðnaðarreits Sandur I24. Deiliskipulagið er í samræmi við samþykkt aðalskipulag fyrir svæðið. Deiliskipulagið tekur til 12 iðnaðarlóða. Á lóð nr. 9 er fyrirhugað að Lýsi ehf. verði með hausapurrkunarverkun. Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir skika úr landi Vatna.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarstjórn samþykkti deiliskipulagið eftir auglýsingu á fundi sínum 30. mars 2017. Tekið hefur verið tillit til athugasemda og upprættir og greinargerð lagfærð.

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag um uppyggingu á landbúnaðarlandi, þar sem heimilt er að byggja eitt íbúðarhús, bílageymslu, eitt frístundahús og byggingar til landbúnaðarnota á landi sem er 2-10 ha. Afmörkuð lóð er um 2,25 ha.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Nr. 549

12. júní 2017

Þorlákshöfn, 12. júní 2017.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. júní 2017